

Geir H. Haarde forsætisráðherra,
Forsætisráðuneytinu,
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg,
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2008

Erindi: Rannsókn á aðbúnaði þroskahamlaðra barna sem vistuð hafa verið á vegum opinberra aðila á Íslandi.


Nýlega var birt skýrsla nefndar forsætisráðherra um starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Kallað hefur verið eftir rannsókn á starfsemi fleiri stofnana sem rekin voru á vegum barnaverndaryfirvalda o.fl. á árum áður og aðbúnaði þeirra barna sem þar dvöldu.


Á síðustu öld voru fjöldamörg fötluð börn vistuð á stofnunum, einkum var um að ræða börn með þroskahömlun. Á árinu 1973 dvöldu t.d. 106 þroskaheft börn undir 16 ára aldri á fimm stofnunum fyrir fatlaða. Voru börnin vistuð með fullorðnum í mörgum tilfellum. Sú vistun var á ábyrgð opinberra aðila og eru til margar sögur af því að foreldrar væru hvattir af fagfólki til að senda börn sín á stofnanir á þeim forsendum, að slík vistun væri betri kostur fyrir börnin og fjölskylduna en að alast upp á heimilum sínum. Samfélagslegur stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna þ.m.t. skólaganga var lítill á þessum árum og stofnanavist því talinn góður kostur.

Á seinni árum hafa mönnum orðið ljós skaðleg áhrif stofnanavistar á börn. Þegar horft er til fatlaðra barna og einkum barna með skerta tjáningargetu, sýna fjölmargar erlendar rannsóknir að slík börn eru í mun meiri hættu á að verða fyrir hvers konar ofbeldi en önnur börn, ekki síst kynferðislegu ofbeldi. Nægir að benda á skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna frá 2005 því til stuðnings. Fötluð börn eru ólíklegri til að segja frá ofbeldi sem þau verða fyrir en önnur börn, enda mörg hver með skerta tjáningargetu, það sama á við þegar börnin komast á fullorðinsár.

Landssamtökin Þroskahjálp fara fram á að forsætisráðuneytið hlutist til um að í þeirri opinberu rannsókn sem fyrirhuguð er á aðbúnaði barna á vistheimilum, verði einnig kannaður aðbúnaður fatlaðra barna á þar til gerðum stofnunum. Óskað er eftir því að einkum verði skoðað hvort þau urðu fyrir hvers kyns ofbeldi á meðan á stofnanavistinni stóð og hvað það var í starfsemi stofnananna sem einkum stuðlaði að slæmu atlæti og ofbeldi.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Gerður A. Árnadóttir, formaður


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri